

275. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 4. september 2023 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri, Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri og Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri.

Fundargerð ritaði: Anna Þóra Gísladóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. 2006228 - Jaðarsbakkar 1 - hönnun ípróttamiðstöðvar

Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri fór yfir lóðahönnun að Jaðarsbökkum.

Farið yfir tímalínu verks. Gert ráð fyrir að í haust verði gengið frá svæði á svölum og á milli nýs ípróttahúss og sundlaugarhúss. Sumarið 2024 verður farið í svæði neðan við svalir að sunnanverðu og norðan megin við nýtt ípróttahús. Sumarið 2025 verði farið í frágang austan megin við nýtt ípróttahús.

Tillaga hönnuðar um ljósatré á svölum til að lýsa upp svæðið á svölunum er samþykkt.

2. 2305126 - Merktún - Okkar Akranes - Opin svæði 2023

Ævintýragarður á Merktúni.

Skipulags- og umhverfisráð leggur mikla áherslu á að vel takist til við hönnun ævintýragarðs við Merktún. Því felur ráðið garðyrkjustjóra að leita eftir frekari hugmyndum um frumhönnun á svæðinu.

Horft verði til þess að leita til a.m.k þriggja hönnuða um frumhönnun.

3. 2308199 - Garðsláttur á opnum svæðum 2024

Garðsláttur á opnum svæðum 2024.

Skipulags- og umhverfisráð felur garðyrkjustjóra að framlengja verksamning um grasslátt við Gísla Jónsson fyrir árið 2024. Framlenging er í samræmi við fyrirliggjandi útboðsgögn.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

*Sædís Alexía Sigurmundsdóttir
Anna Sólveig Smáradóttir*